

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/21/11

nr. 11/2015

frá 25. febrúar 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 488/2014 frá 12. maí 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir kadmíum í matvælum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 589/2014 frá 2. júní 2014 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með innihaldi díoxína, díoxínlíkra PCB-efna og ódíoxínlíkra PCB-efna í tilteknum matvælum og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 252/2012 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2014 frá 4. júní 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar matvælaflokka fyrir kjöt og notkun tiltekinna matvælaaukefna í unnar kjötvörur ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2014 frá 25. ágúst 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun ásetlitarefna úr ribóflavíni (E 101) og kókíníli, karmínsýru, karmíni (E 120) í tilteknum matvælaflokkum og viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á ribóflavíni (E 101) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2014/118/ESB frá 3. mars 2014 um vöktun vegna brómaðra, eldtefjandi efna í snefilmagni í matvælum ⁽⁵⁾.
- 6) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 589/2014 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 252/2012 ⁽⁶⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006):

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 138, 13.5.2014, bls. 75.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 18.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 166, 5.6.2014, bls. 11.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 252, 26.8.2014, bls. 11.

⁽⁵⁾ Stjútíð. ESB L 65, 5.3.2014, bls. 39.

⁽⁶⁾ Stjútíð. ESB L 84, 23.3.2012, bls. 1.

- „– **32014 R 0488**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 488/2014 frá 12. maí 2014 (Stjtið. ESB L 138, 13.5.2014, bls. 75).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):
- „– **32014 R 0601**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2014 frá 4. júní 2014 (Stjtið. ESB L 166, 5.6.2014, bls. 11),
- **32014 R 0923**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2014 frá 25. ágúst 2014 (Stjtið. ESB L 252, 26.8.2014, bls. 11).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 69. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012):
- „– **32014 R 0923**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2014 frá 25. ágúst 2014 (Stjtið. ESB L 252, 26.8.2014, bls. 11).“
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 86. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011):
- „87. **32014 R 0589**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 589/2014 frá 2. júní 2014 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með innihaldi díoxína, díoxínlíkra PCB-efna og ódíoxínlíkra PCB-efna í tilteknum matvælum og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 252/2012 (Stjtið. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 18).“
5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 16. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2013/647/ESB) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF“:
- „17. **32014 H 0118**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2014/118/ESB frá 3. mars 2014 um vöktun vegna brómaðra, eldtefjandi efna í sneffilmagni í matvælum (Stjtið. ESB L 65, 5.3.2014, bls. 39).“
6. Texti 70. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 252/2012) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 488/2014, (ESB) nr. 589/2014, (ESB) nr. 601/2014, (ESB) nr. 923/2014 og tilmæla 2014/118/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. febrúar 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.